



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Vestnorden Foresight 2030

Framtíðarsýn í byggðarlögum




SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Kynning á helstu niðurstöðum íslenska hluta
verkefnisins

Borgarbyggð
Fjallabyggð

Dr. Grétar Þór Eypórsson
prófessor HA
Vífill Karlsson lektor HA og
Ráðgjafi SSV





Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Um verkefnið Vestnorden Foresight 2030



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Vestnorden Foresight 2030

- Verkefnisstjórn
 - *Freia Lund Sørensen*, Grænlen ska Heimastjórnin
 - *Erik Gløersen*, Spatial Foresight
 - *Kai Böhme*, Spatial Foresight
 - *Susan Brockett*, Spatial Foresight
- Sérfræðiteymi í Færeyjum
 - *Bergmann Finnsson*, Samband sveitarfélaga
 - *Finn Johannesen*, Granskingardepilin fyri Samfelagsmenning
 - *Dennis Holm*, Granskingardepilin fyri Samfelagsmenning



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Vestnorden Foresight 2030

- Sérfræðiteymi á Grænlandi:
 - *Steen Jeppson*
 - *Paarnannguaq Andersen*
 - *Kisea Bruun*
- Sérfræðiteymi á Íslandi:
 - *Grétar Þór Eypórsson*
 - *Vífill karlsson*
 - Aðstoðarmenn: Sveinn Arnarsson og Finnbjörn B Ólafsson



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Vestnorden Foresight 2030

- Sveitarfélög/byggðarlög sem eru í verkefninu
 - Færeyjar
 - Sandey
 - Suðurey
 - Grænland
 - Aasiaat
 - Akunnaaq
 - Ikerasak
 - Ísland
 - Borgarbyggð
 - Fjallabyggð

Markmið fundanna

- horfa fram á veginn
- leggja mögulega framtíðarþróun á borðið
- fá fram sameiginlegan skilning á stöðunni...eða þá að fá yfirlit yfir misjafnan skilning
- móta framtíðarsýn og framtíðarmarkmið byggðarlagsins
- leggja til mögulegar leiðir að þeim
- forgangsraða
 - hvað er mikilvægt og hvað er mikilvægast?

Aðferðafræði Íslenska hlutans

- Sveitarfélögin Fjallabyggð og Borgarbyggð voru valin
- Rýnihópafundur í
 - Borgarbyggð 29. október 2010
 - Fjallabyggð 19. nóvember 2010
- Af hverju rýnihópaaðferðin?
 - Íbúaping haldin nýlega
 - Viljum komast dýpra en svo

Fyrirkomulag funda

- 3 klukkustunda fundur í 2 rýnihópum á hvorum stað
 - 8-10 manns í hverjum hópi
 - Valið í hópa með hliðsjón af því að endurspegla nokkur veigamikil atriði:
 - Kynjajafnræði
 - Aldursdreifingu
 - Uppruna og rætur: Innfæddur/brottfluttur/aðfluttur
 - Atvinnugrein: Einkageiri/opinber geiri/almennur borgari



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Þemu til umræðu

- **Frumkvæði heimamanna**
- **Hvernig á að gera samfélagið aðlaðandi?**
- **Samkennd og samstaða**
- **Aðlögunarhæfni samfélagsins**
- Leiðin til framtíðar
- Tengslanet
- Grunngerð
- Aðgengi að þjónustu



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Rýnihópafundur í Borgarbyggð 29. október 2010

Frumkvæði heimamanna

- **Borgarbyggð – staðan**
 - Áhrif Kaupfélagsins drógu úr frumkvöðlavilja áður fyrr
 - Deyfð gagnvart nýjum hugmyndum lengi vel
 - Hefur lifnað við í seinni tíð
 - Landnámssetrið og frumkvöðlarnir þar!
 - Brúðheimar nýtt jákvætt dæmi
 - Yngra fólk opnara fyrir hugmyndum
 - Stolt við að reyna hluti aleinn verið ríkjandi í samfélaginu
 - Háskólar hafa á margan hátt myndað nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfi

Frumkvæði heimamanna

- **Borgarbyggð – Hvað á að gera?**
 - Styrkja háskólana til þekkingaruppbyggingar
 - Frumkvöðlakennslu í Menntaskólann
 - Efla þjónustustig til að laða að stjórnendur til búsetu
 - Efla stuðning sveitarfélagsins og stuðningskerfisins við frumkvöðla
 - Fyrirtækjastefnumót
 - Nýsköpunarverkefni
 - Efla klasastarf og gera það markvissara

Búsetuskilyrði: Aðlaðandi samfélag?

- **Borgarbyggð - staðan**
 - Erfiðleikar með að manna heilsugæsluna læknum
 - Skólar, leikskólar og menntaskóli eru mikilvægir þættir í að gera samfélagið aðlaðandi. Niðurskurður í opinbera geiranum getur sett strik í reikninginn
 - Menntaskólinn mikilvægur í að halda 16 ára + heima lengur
 - Atvinnutækifæri fyrir maka stjórnenda og háskólamenntaðra eru lykilatriði
 - Fjölbreyttara atvinnulíf vantar
 - Slæmar nettengingar í dreifbýli
 - Fjölbreytni vantar í veitingaflórana



Búsetuskilyrði: Aðlaðandi samfélag?

- **Borgarbyggð – hvað á að gera?**
 - Meiri fjölbreytni í íþróttir og afþreyingu barna og unglinga
 - Styrkja grunn- og menntaskólann
 - Styrkja ímyndina um góðan stað til að ala upp börn á
 - Fjölga kvennastörfum
 - Innviðir
 - Bæta vegakerfið
 - Nettengingar á dreifbýlli svæðum
 - Örva hreyfanleika fólks
 - Að fólk geti búið í Borgarbyggð og unnið annars staðar
 - Opna fyrir útlendingum
 - Aðlögun
 - Fjölmening
 - Brjóta menningarmúra

Samstaða - félagsauður

- **Borgarbyggð – staðan**

- Traust, sem er undirstaða samstöðu og félagsauðs beið hnekki í gjaldþroti SM, mikilvægs fyrirtækis í héraði.
- Kreppan hefur þjappað fólki saman og það horfir meira inn á við en áður.
- Þetta hefur m.a. sést í nýjum ferðapjónustuklasa
- Samstaða og samstillt átak fólks gerði umsjón Landsmótsins 2010 að veruleika – með litlum fyrirvara.
- Samstaða með frumkvöðlum mætti vera meiri - borið hefur á öfund í garð þeirra sem gengur vel
 - Stuðningur opinberra aðila við slíka hefur þó batnað
- Sameining Borgarfjarðar og Mýra í eitt sveitarfélag hefur þjappað fólkinu saman.
 - Einnig sameining grunnskólanna
 - Tilkoma Menntaskólans
 - Dansskólinn

Samstaða - félagsauður

- **Borgarbyggð – hvað á að gera?**
 - Skapa sameiginlega ímynd alls héraðsins
 - Nýta vefinn www.borgarbyggd.is í þeim tilgangi
 - Nýta skólana í þeim tilgangi
 - Fjölga íbúafundum
 - Stytttri og markvissari á ákveðin mál eða málaflokka
 - Auka þátt rafrænnar stjórnarsýslu og þjónustu til að virkja fólk
 - Auka þátt móralsks stuðnings við frumkvöðla og nýsköpun – hann kostar lítið
 - Rannsaka hrun Sparisjóðs Mýrasýslu
 - Borgfirska Rannsóknarskýrslu
 - Það vantar alvöru þöbb í Borgarnes!

Aðlögunarhæfni

- **Borgarbyggð – staðan**
 - Hefur gengið í gegnum mikla aðlögun í atvinnu- og mannlífi á mjög stuttum tíma
 - Landbúnaðar- og þjónustusamfélag óx mjög í bæði byggingariðnaði, ferðapjónustu og í mennta- og þekkingargeiranum á stuttum tíma

Aðlögunarhæfni

- **Borgarbyggð – hvað á að gera?**
 - Iðnfyrirtæki reyni að aðlaga sig breyttri stöðu og hvernig eigi að aðlaga sig áföllum eins og orðið hafa
 - Opinber stuðningur við iðnaðinn í formi kaupa á þjónustu og niðurgreiðslu flutningskostnaðar
 - Skólarnir, sérstaklega Bifröst aðlagi sig að niðurskurði til háskóla og stýri áherslum sínum á greinar þar sem kennsla ber sig
 - Vandí iðnaðar- og þekkingarfyrirtækja er tímabundinn og þau þurfa hjálp út úr honum
 - Auka samvinnu skóla á öllum stigum
 - Heimavist við Menntaskólann

- **Borgarbyggð**

- Bæta vegakerfið í dreifbýlli hlutum sveitarfélagsins
 - Margir malarvegir á mið-20. aldar standard
- Stóra málið er samkeppnisstaðan við Suðurland vegna gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin
 - Gjaldtakan upp á allt að 2000 krónur fram og til baka gerir að höfuðborgarbúar velja frekar menningarviðburði eða sunnudagsbíltúra austur fyrir fjall
 - Þetta hamlar því að nokkru leyti ferðapjónustu – sérstaklega sögu og menningartengdri



Aðgengi að þjónustu

- **Borgarbyggð**

- Bæta heilsugæsluna – tryggja að hægt sé að fá lækna til starfa
- Laða að og halda í barnafólkið með góðri þjónustu fyrir börn og unglinga
- Efasemdir um ávinning af því að sameina allt Vesturland í eitt sveitarfélag
 - Borgarbyggð er 3.500 manna sveitarfélag með mjög dreifðri búsetu

Leiðin áfram

- **Borgarbyggð**

- Blanda af frumvinnslugreinum og þekkingariðnaði. Sveigjanlegur og fjölbreyttur vinnumarkaður.
- Byggjum á því sem við höfum – reynum ekki að finna upp hjólið!
 - Byggjum upp í kringum
 - Þjónustu við sumarhúsabyggðir
 - Sögulega staði
 - Fjölbreytta náttúru
 - Veðjum á nútímafólk sem vill búa í snertingu við náttúruna og sveitarómantik
 - Getum einnig reitt okkur á atvinnutækifæri í nágrenni byggðum – Grundartangi
 - Við eigum þó ekki að byggja á stóriðju
 - Byrjum á því að læra að brosa!



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Rýnihópafundur í Fjallabyggð 19. nóvember 2010

Frumkvæði heimamanna

- **Fjallabyggð – staðan**

- Skapandi hugsun alltaf verið til staðar
- Fólk var byrjað að hugsa gegnum göngin þó þau hafi ekki verið opnuð fyrr en 2010
- Frumkvæði hefur löngum verið tengt fáum einstaklingum en ekki verið mjög almennt í hugsun fólks
- Stuðningur frá sveitarfélagi og stoðkerfi (AFE) við frumkvöðla verið of takmarkaður
- Sterk fyrirtæki Slökkvibílasmiði (Ó) og Vélaverkstæði SR (S) komin á laggir fyrir göng
- Frumkvæðis í ferðþjónustu er þörf og er þegar komið upp eftir opnun ganganna
 - Skyndilega hefur opnast fyrir 20.000 manna nærsamfélag!

Frumkvæði heimamanna

- **Fjallabyggð – Hvað á að gera?**
 - Meðvitund um sameiginlegan ávinning allra af nýjum hugmyndum tengdum nýjum fyrirtækjum í sveitarfélögunum.
 - Aukinn stuðning við frumkvöðla og almennt jákvætt viðhorf til þeirra.
 - Komast hjá því að hrepparígur komi upp milli bæjanna
 - Styðja við hugsunina um sameiginlega mynd af öllum í Fjallabyggð
 - Fólk er viljugt að reyna nýja hluti og því á að ýta undir það með því að leggja áherslu á nýsköpun í því smáa

Búsetuskilyrði: Aðlaðandi samfélag?

• Fjallabyggð - staðan

- Héðinsfjarðargöng gegna lykilhlutverki fyrir þá stöðu sem er í nýju sveitarfélagi
- Menntaskólinn á Tröllaskaga
 - gegnir lykilhlutverki í byggðafestu: Að halda unglingum yfir 16 ára lengur á heimaslóðum
 - fólk með háskólamenntun flytur inn í sveitarfélagið
- Fjölskylduvænt umhverfi þar sem eftirsóknarvert er að ala upp börn
 - Hross hlaupa hjá og 1 mínúta á gönguskíði - olnbogaráymi
- Öryggt samfélag
 - Þú skilur lykllana eftir í bilnum og húsið ólæst
 - ...en núna eru báðir bæirnir gegnumakstur...
- Opnun Múlaganganna 1992 hafði þó neikvæð áhrif á einhverja sérsverslun og þjónustu
 - fjarlægðarvernd frá Akureyri hvarf
 - getur nú gerst á Siglufirði



Búsetuskilyrði: Aðlaðandi samfélag?

- **Fjallabyggð – hvað á að gera?**
 - Stuðla að fjölbreyttari lífsstíl fólks en nú er
 - Góða grunnþjónustu
 - Heilsugæslu
 - Skóla
 - Fjölbreytni í atvinnulífið
 - Til að auka líkur á að fólk flytji hingað
 - Styrkja enn frekar sóknarfærin kringum skíði og afþreyingu
 - Hreyfanleiki til og frá skapar tækifæri ekki síður en ógnanir!
 - Halda þó fast í sérstöðuna og okkar staðbundnu einkenni
 - Ferðaþjónustan má ekki drekkja því
 - Efla aðlögun aðkomufólks og útlendinga sem flytja inn
 - Þeir verða að vera þátttakendur – ekki áhorfendur



Samstaða - félagsauður

- **Fjallabyggð – staðan**

- Traust ríkir meðal fólks

- “Samstaða og samkennd mætti vera meiri” – segir einn
- “Nei, ekki þegar á bjátar” – segir annar
 - ...”en átök koma aftur fram þegar ástandið verður eðlilegt aftur”
- Klíkur eru ríkjandi
 - Fjölskyldur og pólitík
- En samstaðan er þó sterkari en sundurlyndið

- Tilkoma ganganna mun styrkja þetta með tímanum

- Sameiginlegir viðburðir, íþróttir, björgunarsveitir, kórar, leikfélög

Samstaða - félagsauður

- **Fjallabyggð – hvað á að gera?**
 - Fjölga sameiginlegum viðburðum bæjanna (sveitarfélagið)
 - Fjölga þeim tækifærum sem sameina bæina (sveitarfélagið)
 - Fólk þarf hvatningu til að blandast meira gegnum félagslíf og kaffihús
 - Kvartað var undan að bæjarslúður og illt umtal væri m.a. á netinu
 - Er hægt að gera eitthvað í því?



Aðlögunarhæfni

- **Fjallabyggð – staðan**

- Dæmi þess að fólk hafi getað aðlagast umtalsverðum breytingum
 - Framleiðsla á slökkvibílum
 - Primex
 - Fiskvinnsluvélaframleiðsla
 - Úr fiskvinnslu í hótélrekstur...
- Þær umbreytingar sem í vændum gætu verið yrðu þó auðveldari með tilkomu nýbúa og yngra fólks
- Fyrirsjáanleg umbreyting líklega mest í ferðaþjónustu með tilkomu ganganna
- Menntaskólinn leggur áherslu á frumkvöðlakennslu
- Hvorki bankar né stoðkerfi atvinnulífs og nýsköpunar styður nóg við þetta

Aðlögunarhæfni

- **Fjallabyggð – hvað á að gera?**
 - Aukinn stuðningur og hvatning til ungra og atvinnulausra til að byrja rekstur
 - Móralskur stuðningur stoðkerfis við hugmyndir – ekki bara peningalegur
 - Bæta aðgengi að fjármagni
 - Nýta bætt aðgengi að alþjóðlegum ferskfiskmörkuðum
 - Notfæra sér stækkaðan vinnumarkað - í báðar áttir
 - Örva sókn í framhaldsnám
 - Opna fyrir háskólamenntuðu fólki – og að halda því
 - Kanna möguleika á tölvuvinnsluverkefnum fyrir þá sem ekki hafa langskólamenntun



Innviðir

- **Fjallabyggð**
 - Tvöföldun Múlaganga til að losa um tappa þar
 - Laga nettengingar – ljósleiðaratenging við Akureyri
 - Undirbúa hafnir fyrir mögulegt hlutverk í þjónustu við olíuleit og boranir
 - Athuga hvort Siglufjarðarhöfn geti þjónustað Grænlenzka togara sem fiska nálægt Íslandi

Tengslanet

- **Fjallabyggð**
 - Vaxtarsamningur Eyjafjarðar lofaði góðu – en var ekki endurnýjaður 2007
 - Síldaminjasafnið vinnur í svæðisbundnum safnaklasa á Norðurlandi
 - Tengslanet iðnaðar tengdum útvegi eru fremur takmörkuð
 - en það eru tækifæri þar
 - Slík tengslanet innávið munu eflast með göngunum
 - Félagsleg tengsl eru gegnum íþróttirnar og góðgerðasamtök ofl.
 - Með því að fá brottflutta aftur heim má ná í tengslanet þeirra

Leiðin áfram

- **Fjallabyggð**
 - Hafnsækin starfsemi gæti verið framtíðarleið
 - Aukinn vetrartúrismi
 - Menntaskólinn og göngin eru forsendur tækifæranna í framtíðinni
 - Ungu fólkið, menntun þess og breytt hugarfar í átt til meiri samstöðu er tækifæri í sjálfu sér



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Sameiginlegur fundur íslensku verkefnanna á Akureyri 20. maí 2011



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Sameiginlegur fundur á Akureyri Maí 2011

- Öllum þátttakendum úr rýnihópum var boðið
- Auk þess
 - Bæjarstjórum
 - Innanríkisráðuneytinu
 - Atvinnuþróunarfélögum á stöðunum
 - Sveitarfélagasamböndum á stöðunum
 - Sambandi sveitarfélaga
 - Byggðastofnun
- Alls þekktust 14 manns boðið.
 - 3 frá Borgarbyggð
 - 4 frá Fjallabyggð auk bæjarstjórans og eins bæjarfulltrúa
 - Allar stofnanir og ráðuneyti sem fengu boð, sendu fulltrúa



Efnispættir sem umræðan þróaðist til

- **Atvinnu- og skólasókn til og frá sveitarfélögum**
 - Héðinsfjarðargöng munu opna möguleika á vinnusókn út fyrir sveitarfélagið rétt eins og er í Borgarbyggð
 - Þetta getur hjálpað til við að styrkja byggð
 - Ekki er mikið um að stöður og störf í Fjallabyggð séu mönnum fólk sem býr annars staðar og sækir vinnuna inn...
 - Göngin gætu ef til vill breytt þessu eitthvað – þetta verður þó varla jafn mikið og í Borgarbyggð

- **Menntaskólar og Háskólar**
- ***Borgarbyggð:***
 - Háskólarnir á Hvanneyri og Bifröst eru á vissan hátt ”eyjar”. Nemendur koma og fara og eru tímabundnir íbúar.
 - Þannig geta áhrifin af þessu verið takmörkuð. Fólk kemur og fer en festist lítið.
 - Svokölluð „spin-off“ áhrif á svæðinu verða þannig lítil
- ***Fjallabyggð***
 - Nýi Menntaskólinn
 - Erfitt var að leggja mat á áhrif hans haustið 2010.
 - Fólk var þó strax farið að sjá jákvæð merki af tilkomu hans: Fleira ungt fólk með heilsársbúsetu í bæjunum lífgar þá við og virkar mjög jákvætt við að binda saman íbúa nýs sveitarfélags.
- Bæði í Borgarbyggð og Fjallabyggð taldi fólk að framhaldsskólarnir hefðu mikilvæg og jákvæð áhrif. Meiri efasemdir voru um háskólana í Borgarbyggð.

Efnispættir

- **Tvö nýsameinuð sveitarfélög**
- Bæði sveitarfélögin hafa verið til í núverandi mynd síðan árið 2006
 - Borgarbyggð hefur þó orðið til í áföngum frá 1998. Segja má því að fólk þar hafi fengið ágæta aðlögun að nýju sveitarfélagi.
 - Má reyndar segja það sama um Fjallabyggð, sem var til sem eitt sveitarfélag í 4 ár fram að opnun ganganna.
- „Endanlegur árangur af sameiningunum er í höndum barnanna“. Þetta var sameiginlegt mat fólks úr báðum sveitarfélögum.
 - Ípróttæfingar, barnaafmæli og fleira í þeim dúr mun binda börn úr ólíkum hlutum eða hverfum sveitarfélaga saman – á unga aldri
 - Þeir eldri eru meira fastir í þeirri hugsun að sveitarfélagið sé samsett úr hinu og þessu hverfinu eða hlutanum. Með börnunum hverfur þessi skipting. Þetta á eftir að verða meira áberandi í Fjallabyggð, þar sem lítill eða samgangur var mögulegur fyrir.

Efnisþættir

- **Fjarlægð frá stærri borg eða bæ**
- Ákveðinn efi er í Borgarbyggð gagnvart áhrifum þess að vera svo nálægt Reykjavík og nágrenni.
 - Hér hefur fólk upplifað bæði kosti þess og galla. Fyrir hrun voru þetta mest jákvæð áhrif – fólk flutti í Borgarbyggð til þess jafnvel að vinna fyrir sunnan. Eftir hrunið hefur þetta orðið dýr valkostur og fólk hefur líka mun minna aflögu, almennt. Nú snýst nálægðin meira um að fara og versla hagkvæmt í Reykjavík – þ.e. þjónustusókn fremur en vinnusókn.
 - Próunin ógnar því Borgarbyggð frekar en nýtist. Þetta kemur greinilega fram í máli fundarmanna sem hafa frekar áhyggjur af nálægðinni en hitt. En auðvitað er ekki bæði hægt að éta kökuna og eiga hana líka...
- Í Fjallabyggð er meira talað um að einangrunin fyrir Múlagöng hafi verið kostur.
 - Að þá hafi fólk verið neytt til að leysa hluti á staðnum og það hafi ýtt undir frumkvöðlastarf. Mögulega sá grunnur sem staðið sé á í dag?
- Eftir að einangrun Siglufjarðar frá Eyjafjarðarsvæðinu hefur verið rofin geta nú allir íbúar Fjallabyggðar ekið til Akureyrar á 1 klukkustund eða minna. Þetta getur breytt stöðu Fjallabyggðar gagnvart því að sú fjarlægðarvernd sem einangrun getur veitt verður þá ekki lengur til staðar. Reynslan verður þó að skera úr um þetta.



Efnispættir

- **Grunngerð. Lík vandamál og ólík vandmál.**
- Í báðum sveitarfélögum er kvartað sáran yfir hægum nettengingum. Í Borgarbyggð er það einnig óstöðugleiki í rafmagni í nokkrum dreifbýlli hlutum. Í Reykholti er t.d. ekki ljósleiðaratenging þó svo að slíkur leiðari liggi þar í gegn. Sama gildir um Ólafsfjörð.
- Reykholt fæst við annað slæmt vandamál– spennan á rafmagninu fellur oft og það getur þýtt að viðkvæmur rafbúnaður eins og tölvur kann að vera í hættu. Fram kom að t.d. Snorrastofa hefur verið án rafmagns í einhverja daga samfleytt.

Efnisþættir

- **Hvað skal veðja á til framtíðar í þróun atvinnulífs?**
- Fjallabyggð
 - Hér er fólk meðvitað um staðhætti og staðsetningu. Það veit hvert lifibrauðið er og hefur verið.
 - Fiskveiðar og fiskvinnsla. Hafið er auðlindin. Þekkingin og reynslan í kringum veiðar og vinnslu er það sem byggja á framtíðina á.
 - Ferðaþjónustan er mikilvæg, en verður alltaf viðbót, en góð viðbót, við þetta – jafnvel þó hún sé í miklum vexti.
- Borgarbyggð
 - Borgarfjörður er fyrst og fremst gamalt landbúnaðarhérað með Borgarnes sem þjónustukjarna.
 - Þar liggur þekking og reynsla og á því á að byggja, jafnvel þó laun í þeim geira séu lág.
 - Mikilvægt er að byggja upp ferðaþjónustu – sérstaklega þá menningartengdu og nýta nálægðina við höfuðborgarsvæðið.
 - Borgarbyggð er heimasveitarfélag bæði Snorra Sturlusonar og Egils Skallagrímssonar



Hvað eiga Borgarbyggð og Fjallabyggð sameiginlegt og hvað ekki?

- **Dagleg atvinnu- og skólasókn**

- Borgarbyggð:

- Til höfuðborgarsvæðisins
- Of mikið um að vinna sé sótt til sveitarfélagsins – fólk í stjórnunarstöðum sem býr í Reykjavík og starfar í Borgarbyggð

- Fjallabyggð

- Áhrif jarðganganna eiga eftir að koma betur í ljós. Ef til vill leiðir aukin nálægð við Akureyri til svipaðrar þróunar og í Borgarbyggð. Erfitt getur orðið að sporna gegn slíkri þróun. Þó sveitarfélagið geti boðið upp á góða þjónustu og búsetuskilyrði, getur vandinn með atvinnu fyrir maka orðið hindrun í að fólk kjósi að flytja á staðinn.

- **Framhaldsskólarnir**

- Mjög jákvæð áhrif á báðum stöðum. Ungu fólkið býr lengur heima og bæirnir verða fyrir vikið ekki sömu draugabæirnir yfir veturinn.



Hvað eiga Borgarbyggð og Fjallabyggð sameiginlegt og hvað ekki?

- **Háskólarnir**

- Mátuleg hrifning af áhrifum háskólanna í Borgarbyggð. Efast um að þetta séu sterk áhrif og einnig um hvort þeir hafi nokkur áhrif á þróun atvinnulífisins.
- Rannsóknir hafa þó sýnt fram á ákveðin jákvæð áhrif af Bifröst
 - Spin-off áhrif í atvinnulíf
 - Fólksfjölgun
- Háskólinn á Akureyri er aðeins 45-60 mínútur frá Fjallabyggð hefur almennt haft góð áhrif á búsetu í nágrennabyggðarlögum. Mun gera það líka í Fjallabyggð því unga fólk þar getur stundað nokkrar tegundir háskólanáms í héraði með mikilli nálægð við heimabyggðina



Hvað eiga Borgarbyggð og Fjallabyggð sameiginlegt og hvað ekki?

- Nálægð við stærri bæi
 - Nálægðin hefur kosti og galla
 - Fólk sækir lágvöruverðsverslun og sérhæfðari þjónustu til fjölmennisins. Einnig menningu og fleira. Þetta er nú orðin staðreynd á Siglufirði. Þar hverfur sú fjarlægðarvernd sem ýmis verslun og þjónusta hafði fyrir göng.
- Gæði nettenginga ekki ásættanleg
- Atvinnulíf
 - Í Borgarbyggð hefur ferðaþjónusta og sögu og menningarferðaþjónusta verið í þróun. Borgarnes er einnig stór viðkomu- og áningarstaður ferðafólks.
 - Mikill uppgangur í ferðaþjónustu á Siglufirði eftir göngin. Hversu mikið þetta getur orðið er ekki enn komið í ljós.
 - Á báðum stöðum er mikil meðvitund um að byggja þurfi á þeirri reynslu og þekkingu sem hafi fengist af gömlu atvinnuvegunum þar. Ferðaþjónustan komi sem góð viðbót við það.